

Mál nr. 230/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/alkaskótryggingar

Umferðaróhapp í Kömbum þann 21.03. 2009, ágreiningur um bótaskyldu

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.06. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.07. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðinni var ekið um Kamba á um 70-80 km hraða þegar bifreiðin tók að rása á veginum. Ökumaðurinn kvaðst hafa náð hraðanum í um 50 km áður en hann missti stjórn á bifreiðinni þannig að hún fór yfir á öfugan vegarhelming og í veg fyrir bifreið sbr. gögn máls þessa. Vátryggingafélagið metur atvik þ. á m. ástand bifreiðarinnar þannig að hæfilegt sé að skerða bætur að 1/3 hluta vegna háttsemi ökumanns og vátryggðs sbr. umfjöllun félagsins. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaréttur fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum. Rétt er að skerða bætur sem nemur 1/3 hluta vegna háttsemi ökumanns og vátryggðs. Bifreiðin var vanbúin til aksturs við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum. Skerða ber bótarétt um 1/3 hluta.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.